

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 4. maí 2021

Mætt: Anna Rós, Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Stefanía, Aðalsteinn, Jóhannes og Björg Baldursdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundað með Björgu skólastjóra
3. Foreldrarölt
4. Félagsgjöld
5. Aðalfundur
6. Önnur mál

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. Björg lætur vel af skólastarfinu miða við aðstæður og er ánægð með að starfsfólk skólans er á leið í bólusetningu á næstu dögum. Hún býr sig þó undir það að það gætu orðið einhver forföll og röskun á skólastarfi eftir bólusetningu. Hún sagði jafnframt að það væri miður að hafa ekki haft tækifæri á að hitta foreldra í svona langan tíma, það væri ekki eins að hitta fólk rafrænt þó það hafi gefist nokkuð vel. Hún er spennt að fá tækifæri á að kynna starfið.

Því miður verður ekki hægt að fara að Reykjum en stefnt er að því að útskrifa 10. bekk ef reglugerð um takmörkun á samkomum verði rýmkaðar. Stjórn foreldrafélagsins lagði til við Björgu að fresta vorhátíð Kársnesskóla fram á haust þar sem mjög erfitt er að skipuleggja fram í tímamann með þeim takmörkunum sem eru í gildi í dag. Stefnt verður að því að hafa hausthátíð á skólasetningadegi og hvetjum við foreldra til að taka þátt með börnum sínum.

Góðgerðadagur Kársnesskóla sem er fjáröflunarverkefni – börn fyrir börn verður haldinn 27. maí nk. Boðið verður upp á happdrætti og mun styrktarféð renna til Unicef á Íslandi.

Vegna fjölda nemanda verður tveimur höllum bætt við á lóðina við Vallargerði, þær verða tilbúnar fyrir ágúst lok 2021. Einnig verður ráðinn til starfa þroskaþjálfari. Búið er að bjóða út og samþykka tilboð í byggingu nýs skóla við Skólagerði, verklok er fyrirhuguð 15. maí 2023 með fyrirvara vegna Covid-19.

Björg var spurð að því hvort það væri eitthvað sem skólinn óskaði eftir frá foreldrafélaginu og nefndi hún taflborð, foreldrafélag tekur til skoðunar.

3. Foreldraröltið hefði mátt ganga betur í vetur en það er eins og svo margt annað þennan veturinn. Það voru þó nokkrir foreldrar sem röltu um hverfið og þökkum við þeim vel fyrir. Tilkynnt verður um sigurvegara röltleikana í lok skólaárs í júní.
4. Staðan á fjármálunum er góð og innheimtur fínar. Ennþá eiga einhverjir bekkir inni bekkjarstyrk og við hvetjum bekkjarfulltrúa til að senda inn beiðni. Netfang foreldrafélagsins er foreldrafelag-kars@kopavogur.is
5. Aðalfundur verður haldinn 31. maí klukkan 19:30. Við minnum á að opinn skólaráðsfundur og fræðsluerindi er á sama tíma.

Fundi slitið.